



Dýpkun holu TG-02, Tjörnesi

Bjarni Richter

Greinargerð BR-2001-02



16-01-2002

Dýpkun holu TG-02, Tjörnesi

INNGANGUR

Á haustmánuðum 2001 var jarðborinn Trítill, frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða, aftur mættur í Tungugerði (Grænhöfða, í landi Steindals) til að dýpka holu TG-02, sem er sjávarmegin við þjóðveginn, um 10 km norðan Húsavíkur.

GPS-hnit eru eftirfarandi: N66° 07.573' W17° 15.414' og hæð yfir sjó er um 80 m.

EKKI hafði tekist að klára holuna um sumarið vegna tímaskorts. Um borun HV-01, 02, TG-01 og TG-02, fyrrihluta, má lesa um í skýrslu:

Bjarni Richter, 2001 *Kjarnaborun i Tjörnessetlögin til að meta þroska lifrænna efna. Áfangaskýrsla OST OS-2001/051 29*

TILGANGUR

Tilgangurinn með dýpkun holu TG-02 var að komast að því hvort að svipuð setlög og Tjörneslögin sé að finna undir hraunlögum þeim, sem finnast neðst í norðanverðu gili Köldukvíslar og í fjörunni rétt norðan ósa Köldukvíslar. Almennt hefur verið talið að þau afmarki neðsta, og þar með elsta, hluta setlaganna. Annar tilgangur var að fá góð sýni til aldursgreininga þar sem aldur berggrunnsins hefur verið nokkuð á reiki, ýmist verið talin um 5 eða 10 milljón ára (Kristján Sæmundsson og James L. Aronson, 1975; Kristinn J. Albertsson, 1976).

BORGANGUR

Þann 25.09.01 var borinn kominn á holuna og þurfti að byrja að hreinsa hana. Síðan varð að steypa. Borun gekk nokkuð hægt og brösulega, þar sem allnokkur leir var til staðar í holunni og vildi hann alltaf vera að síga að strengnum. Steypa varð verstu leirlögin af og var borað síðan með gelí.

Um borgang má sjá frekar í fóðringaskýrslu sem fylgir sem viðhengi. Borverkið tók alls 10 daga og var lokið þann 04.10.01.

Kjarnaheimta var þokkaleg, eða um 85% (um 34 m af 41 náðust). Helstu jarðlögin sem vantar eru leir og silt, sem skoluðust burt við borun.

JARÐLÖG OG JARÐLAGALÝSINGAR

Eftirfarandi jarðlagasýrpur fundust við þessa borun. Frá 0-47 metra var borað um sumarið. Talið er að ofan og niður (dýpi):

38,5 – 52,2 m: Líklega ólivín-basalt. Lítið um porur og fremur þétt. Dökkur leir í porum og sprungum. Líklega montmorillónít/saponít (smektít - svart afbryggði. Sjá röntgen-greiningu í viðhengi). Allsprunginn kjarni.

52,2 – 53,4 m: Rauðt leirlag, finkorna og strúktúrlaust. Skolaðist að mestu út í borun.

53,4 - 54,6 m: Hraun aftur, sprungið og all porótt. Líklega ólivín-basalt.

54,6 – 54,8 m: Leir, lagskiptur með litabreytingum (grátt yfir í rauðt).

54,8 – 55,5 m: Samskonar hraunlag og á undan. Fínar porur.

55,5 – 55,6 m: Þunnur, rauðleittur sandsteinn (millilag)

55,6 – 58,0 m: Hraun, líklega þóleiít. Porur grófar og oft teygðar. Orðið rauðt og kargalegt á um 58 m dýpi.

58,0 – 59,2 m: Hugsanlega sama hraunið. Rauðt efst og neðst. Einstök flæðiening? Grænleitur leir á kafla og nokkuð af kalsíti.

59,2 – 60,7 m: Enn líklega sama hraunið. Örlítið dekkra.

60,7 – 61,2 m: Brúnn sandsteinn með stærri völum og steinum.. Örlar á lagskiptingu. Kabasít og analssím fundust.

61,2 – 64,9 m: Rauður sandsteinn með stöku steinum og hnnullungum. Rúnnaðir. Svo virðist að setið sé samlímt af kabasíti, analssími og kalsíti. Montmorillonít til staðar. Grár kafli kemur fyrir milli 64 og 64,3 m.

64,9 – 80,1 m: Hraunlag, nokkuð þétt og fremur finkorna þóleiít. Nánast engar porur til staðar. Virðist vera rofið í toppinn. Dökkur leir í porum (montmorillónít?). Nokkuð sprungið í neðri hlutanum.

80,1 – 80,8 m: Rauðleitt leirlag með stöku rúnnuðum völum.

80,8 – 81,5 m: Hraunlag, þétt þóleiít. Rofið í toppinn. Gæti hugsanlega verið bjarg (hnnullungur) í setinu sem umlykur.

81,5 – 81,9 m: Samskonar rauðleitt set og næst fyrir ofan.

81,9 – 87,5 m: Hraun. Þóleiít, þétt og finn-meðalkorna. Líklega rofið í toppinn. Sprungur og porur fylltar svörtum leir.

Jarðlagasnið fylgir hér á eftir í viðhengi.

NIÐURSTAÐA

Af þessum greiningum virðist vera nokkuð ljóst að sjávarsetlög, líkum þeim sem einkenna hin eiginlegu Tjörnessetlög, virðist ekki til að dreifa neðan hraunlaganna er sjást neðst í Grænhöfða (Tungugerði). Svo virðist sem að undir þeim sé um venjulegan tertíeran hraunlagastafla með tilheyrandi, misþykkum, rauðum millilögum, eins og viða er þekkt á Íslandi. Því má segja með allnokkurri vissu að setlögin sem liggja mislægt ofan á hraununum tveimur í fjöruborðinu rétt norðan ósa Koldukvíslar sé elsti hluti Tjörnessetlaganna.

Einnig er ljóst að þessi jarðög hafi farið í gegnum væga hitaummyndun, og benda kabasítið og analísímið til þess að hitinn þarna hafi vart farið yfir 70-80°C.

Reykjavík, 16-1-2002-01-16

Bjarni Richter

HEIMILDIR:

Kristján Sæmundsson og James L. Aronson, 1975: Relatively old basalt from structurally high areas in central Iceland. *Earth and planetary science letter*, 28, s 83-97.

Kristinn J. Albertsson, 1976: K/Ar ages of Pliocene-Pleistocene glaciations in Iceland with reference to the Tjörnes sequence, Northern Iceland. PhD ritgerð, University of Cambridge. 268 s.




Orkustofnun

Rannsóknasvið


16-1-2002

Staður: Tungugerði (Grænhöfði), Tjörnesi
Holunafn: TG-02 Dýptarbil: 0-87,5m

Bor: Trítil (Bor 99) Boraðferð: Kjarni
Greinandi: BR



KJARNI RICHTER (svartur leir í blöðrum)



3-S13-0610

BORSKÝRSLA Reiktnarsamband Flóa og Skciða ehf.

Bæjarnafn Tungugerði (Steindalur) Grænbóll Hola nr. TG-02
 Staður N66°06,391 w17°16,750 Jarðbor nr. 3
 Sýsla N-Þing
 Verkaupi Orkustofnum Blað nr. _____

Borkróna	Nº	i	87,50 Metra	Föðring	i	Metra	Dags. Frá	25.09.01
"	"	"	"	"	"	"	Dags. Til	04.10.01
"	"	"	"	"	"	"	Heitt	
"	"	"	"	"	"	"	Kalt	
"	"	"	"	"	"	"	Jarðsýni	

Jarfæðingur Bjarni Richter Vatnsmagn _____
 Borhola í metrum: Borstjóri Snorri Snorrasen

1	41	81	
2	42	82	
3	43	83	
4	44	84	
5	45	85	
6	46	86	
7	47	87	hraun m. leir
8	48 hraun	88	▼
9	49	89	
10	50	90	
11	51 leir	91	
12	52	92	
13	53	93	
14	54	94	
15	55 hraun m. leir	95	
16	56	96	
17	57	97	
18	58	98	
19	59	99	
20	60	100	
21	61	101	
22	62	102	
23	63 hraun m. leir	103	
24	64	104	
25	65	105	
26	66	106	
27	67	107	
28	68	108	
29	69	109	
30	70	110	
31	71	111	
32	72	112	
33	73	113	
34	74 hraun m. leir	114	
35	75	115	
36	76	116	
37	77	117	
38	78	118	
39	79	119	
40	80	120	▼

Ath. hola dýptkuð mjög erfitt í borun þar sem leir lagðist sifellt að borstreng reynt var að steypa verstu lögin af og síðan borað með geli